

**Sp.**

### **95. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning á raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni til almenningsþarfa í nærliggjandi byggðarlögum.

**Flm.:** Eiríkur Einarsson, Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsóknir og gera áætlanir og tillögur, til viðbótar þeim skýrslum, sem fyrir eru, um það, er hér segir:

1. Hentugustu raforkuveituleiðir frá orkuveri Sogsins til byggðarlaga, þar sem rafveita þaðan gæti helzt komið til framkvæmda, svo sem nálægra, þéttbýlla sveita, næstu kaupúna o. s. frv.
2. Stofn- og rekstrarkostnað raforkuveitu um þau svæði, er áætlanirnar ná til. Skal þar bæði veitt heildaryfirlit um kostnað raforkunnar í þessum byggðarlögum og jafnframt, svo sem verða má, sýnt, hve raforkan myndi verða

dýr hinum sérstöku heimilum að stofnkostnaði og í notum. Skal það skýrt, hve mikil raforka er áætluð hverju heimili og til hverra nota.

3. Kostnaðartilhögun að því er snertir stofnun slíkrar rafveitu, rekstur hennar, styrkþörf o. s. frv.

Rannsóknir þessar, áætlanir og tillögur skulu gerðar af þeim, er ríkisstjórnin lögum samkvæmt hefir til ráðuneytis í slíkum málum. Sé þeim lokið áður en reglulegt Alþingi 1937 kemur saman og verði hagað þannig, að almenningur geti sem best gert sér grein fyrir kostnaðarhliðinni í samanburði við notagildi raforkunnar.

#### Greinargerð.

Um málefni það, sem tillaga þessi lýtur að, hefir svo mikið verið rætt og ritað, að löng greinargerð er óþörf. Almennungi er kunnugt, að þétthýlar sveitir og kaupún eru allnærri aflstöð Sogsins, og jafnframt, að eini fyrirsjáanlegi möguleiki þeirra byggðarlaga til raforkunota er Sogsvirkjunin. Á Suðurlandsundirlendi er óviða því að fagna, að bæjarlækur sé við hendina, er bjóði afl sitt til ljósa og annara nauðsynja, er rafmagnið veitir. Aðstaðan annarsvegar og þörfin hinsvegar tekur af öll tvímæli um nauðsyn á fullkominni rannsókn og áætlunum, er framkvæmdirnar verða svo að miðast við. — Þeir, sem byggja héruð, er hér koma til greina, mega ekki sækja nauðsynjar sínar í hendur fjárveitingavaldsins og Reykjavíkurkaupstaðar eftir hugboði einu um, hverjar kvaðir fylgja því, sem óskað er eftir. Fullkomin rannsókn og áætlanir, sem fólkinu er gefinn kostur á að kynna sér, verða að segja þar til vegar.

Það er til þess ætlað, að störf þau, sem framkvæma skal samkvæmt tillögu þessari, verði ríkinu ekki kostnaðarsöm, þar eð svo er að sjálfsögðu ráð fyrir gert, að þau verði unnin af sérfróðum mönnum, er ríkið hefir í þjónustu sinni, enda er sú tilætlun laga þeirra, sem um rakorkumál fjalla.

Bráðabirgðaáætlanir, sem gerðar hafa verið um raforkuveitu frá Soginu til almenningsþarfa í nærliggjandi héruðum, munu að vísu verða til léttis við framhald rannsókna þeirra, sem hér er farið fram á, að gerðar verði, en hitt er kunnugt, að undirbúningi samkv. tillögunni er ekki nærri lokið. Þau störf, sem eftir eru við rannsóknir þessar og áætlanir, eiga vel að geta verið framkvæmd fyrir þing 1937, og lengur má það ekki dragast.

Að síðustu skal það tekið fram, að tillagan einskorðar alls ekki rannsóknarsvæðið, þótt hún nefni sem það sjálfsagðasta nálæg héruð og kaupún.